

# Samþykkt

um

## kynbætur hesta fyrir Arnessýslu.

### 1. gr.

Í hverjum hreppi á samþyktarsvæðinu skal kosin hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum. Gengst hreppsnefnd fyrir kosningu hennar. Nefndir þessar skal kjósa á hreppskilafundum á haustin, til 3 ára í senn. Gengur einn nefndarmanna úr árlega, í 1. og 2. sinn eftir hlutkesti og svo eftir röð, svo að jafnan sje kosinn einn maður í nefndina árlega. Kosningarrjett hafa þeir einir, sem atkvæðisrjett hafa í sveitamálum, en við kosningu er skylt að taka hverjum karlmanni á aldrinum frá tvítugu til sextugs, sem er í sjálfstæðri stöðu, og þó svo sje ekki, ef húsbóndi hans samþykkir kosninguna. Endurkosning í nefndina er heimil, en skorast geta menn undan kosningu jafnlangan tíma sem þeir hafa síðast setið í nefndinni. Nefndin kys sjer formann og gjaldkera úr sínum flokki; má það vera sami maður.

### 2. gr.

Kynbótanefndir skulu, hver í sínum hreppi, útvega til kynbóta í hreppnum hest eða hesta á aldrinum 4—15 vetra, svo efnilega og vel kynjaða, sem kostur er á. Er nefndin einráð um það, hve marga hesta hún útvegar, og um það, hvort hún kaupir hestana eða tekur þá á leigu. Kynbótanefnd annast og um sölu á hestum, sem hún ákveður að hætta að nota til undaneldis. Kynbótanefnd skal kaupa eða taka á leigu land til hagbeitar fyrir undaneldishrossin um fengitfmann, og girða það gripheldri girðingu, einni eða fleirum.

Lán, sem kynbótanefnd þarf að taka til stofnkostnaðar, svo sem til hestakaupa, landkaupa og girðinga, er hreppsnefnd hlutaðeigandi hrepps skyld að ábyrgjast.

### 3. gr.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að hrossakynbótum að meira eða minna leyti, nota sömu hesta, sömu girðingar o. s. frv., en til þess að samningur um slíka samvinnu milli hreppa sje bindandi fyrir hrossaeigendur, þarf hann að hafa fengið meiri hluta atkvæða á hreppaskilafundum allra hlutaðeigandi hreppa.

### 4. gr.

Á hverjum vetri skal kynbótanefnd velja úr tvo eða fleiri fola á 2. vetur í hreppnum, hina efnilegustu og best kynjuðu, og er eigendum þeirra óheimilt að gelda þá án leyfis kynbótanefndar. Kynbótanefnd skal annast um sumargeymslu á folum þessum og sjá um, að þeir gangi ekki með hryssum á samþyktarsvæðinu þar til ákveðið er, hvort þeir skuli notaðir til undaneldis eða geltir. Forkaupsrjett og forgangsrjett til leigu að folum þessum á kynbótanefnd í heimilishreppi þeirra.

### 5. gr.

Alla fola á 2. vetur, nema þá, sem um getur í 4. gr., skulu eigendur eða geymendur láta gelda fyrir sumarmál. Þá fola, ef nokkrir eru, sem ekki eru geltir í tæka tíð, nje

komið í örugga geymslu, svo að þeir nái ekki til hryssa á samþyktarsvæðinu, er aðrir eiga en folaeigendur, skal kynbótanefnd láta gelda svo fljótt sem við verður komið, á kostnað og á ábyrgð eiganda. Sama geldingarákvörðun gildir og um eldri fola, sem kynbótanefnd hefur ákveðið að ekki skuli nota til undaneldis. Með geldingarkostnaði telst kostnaður við að hand-sama folana og færa þá geldingarmanni. Sendir kynbótanefnd folaeiganda reikning yfir geldingarkostnaðinn og tiltekur gjalddaga. Verði ágreiningur um reikninginn, sker hreppstjóri úr, eða sýslumaður, ef hreppstjóri er við málið riðinn. Gjald þetta hefur lögtaksrjett.

## 6. gr.

Kynbótanefnd sjer undaneldishestunum fyrir góðu vetrarfóðri. Einnig sjer hún um geymslu þeirra á sumrum eftir fengitíma; er heimilt að leigja þá til hægrar vinnu þann tíma, sjeu þeir fullþroskaðir.

## 7. gr.

Til að standast árlegan kostnað við kynbótastarfsemina skal nefndin leggja á allar hryssur sem hún sjer fyrir fola, folatoll, er nægi fyrir áætluðum kostnaði að því leyti sem aðrar tekjur hrökkva eigi til. Skal nefndin fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert áætla tekjur og gjöld yfirstandandi árs og ákveða, hve hár folatollur skuli vera það ár. Skal það tilkynt hrossa-eigendum í hreppnum fyrir fengitíma. Folatollinn greiði hryssueigendur í síðasta lagi um leið og þeir afhenda hryssurnar til fyljunar. Folatoll skal endurgreiða að minsta kosti að hálfu leyti á næsta sumri fyrir þær hryssur, sem ekki hafa fyljast. — Auk folatolls þess, sem að framan greinir, skal greiða til kynbótastarfseminnar fyrir lok októbermánaðar ár hvert toll jafnháan hinum af öllum folöldum, sem fæðst hafa í hreppnum á árinu undan öðrum hryssum en þeim, sem kynbótanefndin hefur sjeð fyrir fola, ef eigendur þeirra eru innanhreppsmenn og hryssurnar eigi aðkeyptar úr annari sveit á því sumri. Þeim tolli fylgir lögtaksrjettur.

## 8. gr.

Í þeim hreppum, þar sem hrossaræktarfjelög, er lúta eftirliti Búnaðarfjelags Íslands, starfa þegar samþykkt þessi öðlast gildi, getur almennur sveitarfundur ákveðið að fella niður kynbótastarfsemi samkvæmt samþykkt þessari að öðru en ákvæðum 5. gr.

## 9. gr.

Nú er hrossaræktarfjelag stofnað í hreppi þar sem kynbótastarfsemi er byrjuð samkvæmt samþykkt þessari, og skal þá, ef almennur sveitarfundur samþykkir, starfsemi þessi lögð niður og fjelaginu gjörður kostur á öllum eignum, sem að kynbótastarfseminni lúta gegn endurgjaldi samkvæmt ákvæðum almenns sveitarfundar. Hafni fjelagið þessum kosti, renna eignirnar í sveitarsjóð.

## 10. gr.

Aðalreikning yfir tekjur og gjöld kynbótastarfseminnar gjörir formaður nefndarinnar fyrir árslok. Skal reikningurinn, yfirskoðaður af hreppsnefnd, lagður fram á vorhreppaskilafundi.

Kynbótanefnd skal bóka ályktanir sínar og aðrar gjörðir, svo sem reikninga, skýrslur, brjef o. s. frv. A fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða úrslitum. Eru fundir lögmætir og ályktunarfærir þótt einn nefndarmanna vanti, ef hinir tveir eru á eitt sáttir. Formaður kynbótanefndar skal hafa í þóknun fyrir starf sitt a. m. k. sem svarar 10 au. fyrir hvert hross

89 í hreppnum eftir vorframtali. Hreppsskilafundur getur ákveðið hærri þóknun. Telst það með 10. nóv. öðrum útgjöldum við kynbótastarfsemina.

11. gr.

Fyrir lok hvers árs skal kynbótanefnd senda sýslunefndarmanni hreppsins skýrslu um kynbótastarfsemina á árina og sjer hann um, að skýrslan verði lögð fram á næsta sýslunefndarfund.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 10—50 kr., er renna í sveitarsjóð þess hrepps, sem brotið er framið í.

13. gr.

Samþykkt um kynbætur hesta fyrir Arnessýslu, staðfest af amtmanninum yfir Suðurlandinu, 9. júlí 1901, er úr gildi numin.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Arnessýslu hefur samþykkt, staðfestist hjer með samkvæmt lögum 11. des. 1891, um samþykktir um kynbætur hesta, sbr. lög nr. 24, 22 nóv. 1918, til að öðlast gildi 1. janúar 1922, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10. nóvember 1921.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*